

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 6 7. janúar 1963, um takmörkun leigubifreiða í Keflavík og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Við 13. gr. reglugerðarinnar bætist nýr liður, svo hljóðandi:

d) Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Fylkis getur heimilað leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó eigi lengur en allt að 4 vikum árlega.

2. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 31. janúar 1966, um leigubifreiðar, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. júlí 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

31. júlí 1966.

Nr. 165.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, annarra en fjölskyldu-bóta, skulu hækka um 5.2% frá 1. júlí 1966 að telja.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að greiða umrædda hækkun bóta á þessu ári í einu lagi með desembergreiðslu bóta.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 23. apríl 1965, um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hallgrímur Dalberg.

22. júlí 1966.

Nr. 166.

AUGLÝSING

um varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Þar sem garnaveiki hefur fundizt í búfé á 15 bæjum í Þverárhlíð, Stafholtstungum, Norðurárdal, og enn fremur í Borgarnesi, er samkvæmt heimild í 44. gr. laga nr. 23, 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, bannaður allur flutningur búpenings til lífs úr Mýrarhólfi, austan Langár. Enn fremur

er bannaður allur flutningur á búfé til lífs frá þeim bæjum innan svæðisins, þar sem garnaveiki hefur fundizt. Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum og öðrum viðurlögum, samkvæmt lögum nr. 23/1956.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. júlí 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

**um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur
nr. 164/1962, sbr. breytingu nr. 235/1963, sbr.
breytingu nr. 166/1965, svo hljóðandi:**

1. gr.

Í stað kr. 5.87 í 3. gr. komi kr. 7.63.

2. gr.

Í stað kr. 33.00 í a-lið 4. gr. komi kr. 66.00, í stað kr. 82.50 í b-lið komi kr. 150.00, og í stað kr. 297.00 í c-lið komi kr. 300.00.

3. gr.

7. gr. orðist svo:

Heimæðagjald Hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m ³	Heimæða- gjald							
Allt að 400	25 000 kr.							
400 — 2000	25 000	—	fyrir	400 m ³ —	20.00 kr./m ³	þar	yfir	
2000 — 6000	57 000	—	—	2000 —	—	17.00	—	—
6000 — 10000	125 000	—	—	6000 —	—	15.00	—	—
Meira en 10000	185 000	—	—	10000 —	—	13.00	—	—

Nú er fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá Hitaveitunni, og skal þá greiða kr. 3000 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

4. gr.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, 8. grein, svo hljóðandi: Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

5. gr.

Breytingar þessar öðlast gildi 1. júlí 1966.